

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 32

10. árgangur

26.6.2003

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2003/EES/32/01		Ákvarðanir norskra stjórnvalda um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2003/EES/32/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. 3149 – Procter & Gamble/Wella)	2
2003/EES/32/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. 3179 – Candover/Cinven/BertelsmannSpringer)	3
2003/EES/32/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. 3195 – Heineken/BBAG)	4
2003/EES/32/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr.3204 – Montagu Private Equity/Actaris)	5
2003/EES/32/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. 3221 – Investcorp Financial Services/Minimax)	6
2003/EES/32/07		Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3161 – CVRD/Caemi)	7

2003/EES/32/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. 3064 – Ahlström Capital/Capman/Nordkalk)	8
2003/EES/32/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. 3067 – Intesa/Capitalia/IMI Investimenti/Unicredito/Fidis Retail)	8
2003/EES/32/10	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. 3120 – ING/Entrium)	9
2003/EES/32/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. 3158 – De Agostini Invest/Toro Assicurazioni)	9
2003/EES/32/12	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/E-1/37.027 — Zinc phosphate	10
2003/EES/32/13	Ríkisaðstoð — Mál nr. C 4/03 — Ítalía	10
2003/EES/32/14	Áætlunarflug milli Orlyflugvallar í París og Figari - Leiðrétting á útboðslýsingu franskra stjórnvalda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 varðandi áætlunarflug milli Orlyflugvallar í París og Figari	11
2003/EES/32/15	Tilkynning frá bresku ríkisstjórninni varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	12

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ákvarðanir norskra stjórnvalda um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum ⁽¹⁾

2003/EES/32/01

Afturköllun flugrekstrarleyfa

A-flokkur: Flugrekstrarleyfi án takmarkananna sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92

Heiti flugfélags	Póstfang flugfélags	Ákvörðun í gildi frá
Nordic Aviation Resources AS	Sandefjord Lufthavn N-3239 Sandefjord	1.2.2003

B-flokkur: Flugrekstrarleyfi með takmörkununum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92

Heiti flugfélags	Póstfang flugfélags	Ákvörðun í gildi frá
Rorosfly v/Torw. Sandnes	Roros Lufthavn 7374 Roros	12.1.2003

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3149 - Procter & Gamble/Wella)**

2003/EES/32/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 16.6.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem fyrirtækið Procter & Gamble Germany Management GmbH í Þýskalandi, sem er undir stjórn Procter & Gamble Company í Bandaríkjunum öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, full yfirráð yfir fyrirtækinu Wella AG í Þýskalandi með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Procter & Gamble Company: vörur til umönnunar ungbarna, hreinlætisvörur fyrir konur og fjölskyldur, fegrunarvörur, snyrtivörur, ilmefni, hársnyrtivörur, heilsuvörur, matvæli og drykkjarvörur, vefnaðarvara og heimilisvörur.
 - Wella AG: hársnyrtivörur, ilmefni, snyrtivörur, búnaður fyrir hársnyrtistofur og til hársnyrtikennslu.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá dagsetningu þessarar útgáfu í Stjtið. ESB C 148, 25.6.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3149 - Procter & Gamble/Wella, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3197-Candover/Cinven/BertelsmannSpringer)**

2003/EES/32/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 13.6.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem fyrirtækin Candover Partners Limited („Candover“) í Bretlandi og Cinven Limited („Cinven“) í Bretlandi öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækin BertelsmannSpringer („BertelsmannSpringer“) í Þýskalandi, með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Candover: fyrirtæki, sem tekur stöðu í öðrum félögum (private equity company), með hlutdeild í m.a. útgáfugeiranum, einkum háskólaútgáfu (vísindi, tækni, læknisfræði („SMT“)),
 - Cinven: áhættufjármagnsfyrirtæki með hlutdeild í m.a. útgáfugeiranum, einkum háskólaútgáfa og útgáfustarfsemi í atvinnuskyni (SMT),
 - BertelsmannSpringer: háskólaútgáfa og útgáfustarfsemi í atvinnuskyni, offsetprentun, dreifing rita háskólaútgáfu á sviði vísinda, tækni og læknisfræði.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá dagsetningu þessarar útgáfu í Stjtið. ESB C 145, 21.6.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3197-Candover/Cinven/BertelsmannSpringer, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Directorate B - Merger Task Force,
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3195 - Heineken/BBAG)****2003/EES/32/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 17.6.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem fyrirtækið Heineken International B.V., í Hollandi („Heineken“) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, full yfirráð yfir fyrirtækinu Österreichische Brau-Beteiligung-AG í Austurríki („BBAG“) með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Heineken: framleiðsla, markaðssetning og dreifing á heimsvísu á bjór og öðrum drykkjarvörum.
 - BBAG: framleiðsla, markaðssetning og dreifing á bjór og óáfengum drykkjarvörum (ölkelduvatni og ávaxtasafa), fasteignaviðskipti.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá dagsetningu þessarar útgáfu í Stjtið. ESB C 149, 26.6.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3195 - Heineken/BBAG, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.
⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3204 — Montagu Private Equity/Actaris)**

2003/EES/32/05

Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 13.6.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem Montagu Private Equity Limited („MPE“) í Bretlandi, sem Montague Management Limited („MML“) í Bretlandi og Hong Kong and Shanghai Banking Corporation („HSBC“) í Bretlandi hafa sameiginleg yfirráð yfir, hr. Jean-Paul Bize í Frakklandi og hr. Clermont Matton í Kanada öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr., 3. gr. reglugerðarinnar, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Actaris Holding Luxembourg SA, („Actaris“), með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - MPE: rekstrarfélag hlutabréfasjóðs einkaaðila,
 - MML: eignarhaldsfélag framkvæmdastjóra MPE-fyrirtækisins,
 - HSBC: fjármála- og bankaþjónusta,
 - Hr. Jean-Paul Bize: framkvæmdastjóri Actaris,
 - Hr. Clermont Matton: Permira: framkvæmdastjóri Actaris,
 - Actaris: framleiðsla og dreifing á mælitækjum fyrir rafmagn, gas, vatn og hita.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽³⁾ er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum um fyrirhugaða aðgerð á framfæri.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá dagsetningu þessarar útgáfu í Stjtið. ESB C 147, 24.6.2003. Athugasemdirnar má senda um bréfasíma (nr. 32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3204 — Montagu Private Equity/Actaris, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission,
Directorate-General for Competition,
Merger Registry,
J-70,
B-1049 Brussels.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.
⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.
⁽³⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3221 — Investcorp Financial Services/Minimax)**

2003/EES/32/06

Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 12.6.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem fyrirtækið Investcorp Financial and Investment Services SA („Investcorp“) í Sviss öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, full yfirráð yfir fyrirtækinu Minimax Holding GmbH („Minimax Holding“) í Þýskalandi með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Investcorp er eignarhaldsfélag á fjármálasviði,
 - Minimax Holding: vörur og þjónusta á sviði brunavarna.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽³⁾ er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá dagsetningu þessarar útgáfu í Stjtið. ESB C 145, 21.6.2003. Athugasemdirnar má senda um bréfasíma (nr. 32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3221 — Investcorp Financial Services/Minimax, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission,
Directorate-General for Competition,
Merger Registry,
J-70,
B-1049 Brussels.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1; leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1; leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3161 — CVRD/Caemi)**

2003/EES/32/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 22.4.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem fyrirtækið Companhia Vale do Rio Doce („CVRD“) í Brasilíu öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, full yferráð yfir fyrirtækinu Caemi Mineracao e Metalurgia SA („Caemi“) í Brasilíu, sem CVRD og japanska fyrirtækið Mitsui & Co., Ltd hafa nú sameiginleg yferráð yfir, með kaupum á hlutum.
2. Tilkynningin var lýst ófullnægjandi þann 6.6.2003. Hlutaðeigandi fyrirtæki hafa nú lagt fram þær viðbótarupplýsingar sem krafist var. Þann 12.6.2003 taldist tilkynningin fullfrágengin í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Til samræmis við það tók tilkynningin gildi þann 13.6.2003.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum um fyrirhugaða aðgerð á framfæri.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá dagsetningu þessarar útgáfu í Stjtið. ESB C 145, 21.6.2003. Athugasemdirnar má senda um bréfasíma (nr. 32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3161 — CVRD/Caemi, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission,
Directorate-General for Competition,
Directorate B — Merger Task Force,
J-70,
B-1049 Brussels.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1; leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1; leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3064 – Ahlström Capital/Capman/Nordkalk)**

2003/EES/32/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. febrúar 2003 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins, undir skjalanúmeri 303M3086. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3067 – Intesa/Capitalia/IMI Investimenti/Unidredito/Fidis Retail)**

2003/EES/32/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. apríl 2003 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ítölsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CIT“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins, undir skjalanúmeri 303M3101. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3120 – ING/Entrium)****2003/EES/32/10**

Framkvæmdastjórnin ákvað 12. júní 2003 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánæg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánæg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins, undir skjalanúmeri 303M3142. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3158 – De Agostini Invest/Toro Assicurazioni)****2003/EES/32/11**

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. júní 2003 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánæg á ítölsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánæg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CIT“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins, undir skjalanúmeri 303M3142. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09

Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/E-1/37.027 — Zinc phosphate**2003/EES/32/12**

(samkvæmt 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum (Stjttíð. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21))

Drög að ákvörðuninni gáfu ekki tilefni til sérstakra athugasemda varðandi málsmeðferð sem fór fram samkvæmt venju.

Varnarréttur málsaðila var að öllu leyti virtur.

Drögin að ákvörðuninni fjalla eingöngu um atriði sem aðilum gafst kostur á að tjá sig um.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2001.

Karen WILLIAMS

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 4/03
Ítalía

2003/EES/32/13

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna meintrar ríkisaðstoðar til handa verkfræðistofunnar WAM Engineering, sjá Stjttíð. ESB C 142, 18. júní 2003.

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum eins mánaðar frest frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. ESB til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri við:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

Bréfasími: +32 (0) 2 296 12 42

Athugasemdum verður komið á framfæri við ítölsk stjórnvöld. Hagsmunaaðilum, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska þess skriflega að farið verði með nafn þeirra eða heiti sem trúnaðarmál, enda sé óskinn rökstudd.

Áætlunarflug milli Orlyflugvallar í París og Figari**2003/EES/32/14****Leiðrétting á útboðslýsingu franskra stjórnvalda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 varðandi áætlunarflug milli Orlyflugvallar í París og Figari****(Viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins S 97, 21.5.2003, 86742-2003)**

Office des transports de la Corse (samgönguráð Korsíku), 19, route de Sartène, quartier Saint-Joseph, F-20186 Ajaccio Cedex.

Í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa frönsk stjórnvöld birt útboðslýsingu varðandi áætlunarflugþjónustu milli Orlyflugvallar í París og Korsíku. Tilkynning þess efnis var birt í Stjtið. ESB C 119, 21.5.2003.

Frönsk stjórnvöld vilja koma því á framfæri við bandalagsflugfélög að 10. lið ofangreindrar útboðslýsingar varðandi afhendingu á tilboðum hefur verið breytt og er nú svohljóðandi:

Tilboðin skulu afhent á neðangreindum stað eigi síðar en kl. 17.00 (að staðartíma) þ. 4. júlí 2003: Office des Transports de la Corse (samgönguráð Korsíku), 19, route de Sartène, quartier Saint-Joseph, F-20186 Ajaccio Cedex, France.

Tilkynning frá bresku ríkisstjórninni varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni

2003/EES/32/15

DEPARTMENT OF TRADE AND INDUSTRY
(VIÐSKIPTA- OG IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ)

THE PETROLEUM (PRODUCTION) (SEAWARD AREAS) REGULATIONS 1988

LEYFISVEITING UTAN GRUNNSÆVIS-LEYFISLOTU FYRIR OLÍUBORUNARSVÆÐI NÚMER 113/21 OG 113/22

Í samræmi við jarðolíureglugerðir (the Petroleum (Production) (Seaward Areas) regulations 1988) (S.I. 1988 nr. 1213), með áorðnum breytingum (reglugerðir frá 1988) og reglugerðir til framkvæmdar á tilskipun 94/22/EB (the Hydrocarbons Licensing Directive Regulation 1995 (S.I. 1995 nr. 1434), býður viðskipta- og iðnaðarráðherra þeim sem áhuga hafa að sækja um vinnsluleyfi fyrir oliuborunarsvæði númer 113/21 og 113/22. Endanlegt yfirlit yfir oliuborunarsvæðin sem leyfi hafa ekki verið veitt fyrir er sýnt á kortum í bókasafni viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins (Department of Trade and Industry Library). Hægt er að fá aðgang að kortunum samkvæmt beiðni (sjá upplýsingar um tengiliði hér á eftir) milli kl 09.15 og 16.45 frá mánudegi til föstudags til 16. september 2003. Þessar upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu olíu- og gasskrifstofunnar (Oil and Gas Directorate).

Sótt skal um á þar til gerðum eyðublöðun fyrir grunnsævisvinnslu sem hægt er að nálgast á vefsíðu olíu- og gasskrifstofunnar eða hjá Oil and Gas Directorate Licensing.

Umsóknir skulu sendar til Department of Trade and Industry, 1 Victoria Street, London SW1H0ET, United Kingdom og kostar hver umsókn £ 2 820. Umsóknum skal skilað eigi síðar en kl. 13.00 (að staðartíma) þ. 16. september 2003. Ekki verður tekið á móti umsóknum sem berast eftir þann tíma.

Upplýsingar um tengiliði:

Licence Administration:

Licensing and Consents Unit
Department of Trade and Industry
1 Victoria Street
London SW1H 0ET
United Kingdom

sími: (44-20) 72 15 51 11
bréfasími (44-20)72 15 50 70

Department of Trade and Industry Library:

1 Victoria Street
London SW1H 0ET
United Kingdom

sími: (44-20)72 15 50 06/7
bréfasími (44-20) 72 15 56 65).

Vefsíða Licensing and Consents Unit: www.og.dti.gov.uk

Sjá nánar í Stjtið. ESB C 138, 13.6.2003.